

SJF/KB

Reykjavík, 25. október 2012

Tilv.: 201210-0656-670

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til umferðarlaga, (heildarlög) 179. mál.

Ríkissaksóknari hefur áður gert athugasemdir við frumvarpið með bréfi dags. 7. mars 2011 og er þær athugasemdir, sem ekki hefur verið tekið tillit til, ítrekaðar.

Í 4. mgr. 55. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að frestað sé í fjóra mánuði rétti til að veita þeim ökuskírteini sem ekið hefur ökutæki í heimildarleysi án þess að hafa til þess réttindi. Orðalaginu „í heimildarleysi“ er ofaukið að mati ríkissaksóknar. Þá telur ríkissaksóknari að orða þurfi ákvæðið skýrar þannig að fram komi við hvaða tímamark á að miða frestunina. Einnig eru lagðar til orðalagsbreytingar á ákvæðinu til samræmis við 5. mgr. 100. gr. frumvarpsins. Greinin gæti þá hljóðað svo:

„Svipta skal þann sem ekið hefur ökutæki án þess að hafa fengið til þess réttindi, réttinum til að öðlast ökuskírteini í fjóra mánuði. Hafi viðkomandi ekki náð 18 ára aldri þegar brotið var framið skal miða sviptinguna við þann dag er hann verður fullra 18 ára, að öðrum kosti gilda almennar reglur um upphaf sviptingartíma. Framlengja skal sviptingu réttar til að öðlast ökuskírteini um fjóra mánuði fyrir hvert skipti sem ekið er án ökuréttinda.“

Ríkissaksóknari ítrekar fyrri athugasemdir sínar við ákvæði 2. mgr. 99. gr. frumvarpsins. Að auki er bent á eftirfarandi:

Árið 2010 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra starfshóp í því skyni að gera tillögur að breytingum á sakamálaréttarfari og réttarreglum því tengdu, með það að markmiði að auka skilvirkni í sakamálum. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni 9. desember 2010. Eitt af því sem starfshópurinn lagði áherslu á var að skýra betur reglur og verklag sem gildir um svokallaðar vettvangssektir lögreglu, sbr. 148. gr. sakamálalaga, í því skyni að unnt væri að ljúka mun fleiri málum með slíkum sektum, sem leiða myndi aukins málshraða og vinnusparnaðar hjá lögreglu og ákærvaldi. Fyrir liggja tillögur að breytingum á vettvangsskýrslu, reglugerð og verklagsreglum hvað þetta varðar sem unnið hefur verið að af hálfu ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og lögreglustjórafélagsins. Ríkissaksóknari bendir á að verði ákvæði 2. mgr. 99. gr. frumvarpsins að lögum, blasi við að mun færri málum en ella verði hægt að ljúka á vettvangi, sem dregur úr skilvirkni í þessum málaflokki.

Þá verður ekki fram hjá því litið að rannsóknir skattfirvalda benda eindregið til þess að svokölluð svört atvinnustarfsemi hafi færst verulega í vöxt hér á landi og því gæti beiting ákvæðisins stuðlað að ójafnræði við ákvörðun refsinga.


Sigríður J. Friðjónsdóttir

